

Skýrsla 2009

Skóli á grænni grein



Leikskólinn Andabær Hvanneyri

Leikskólinn Andabær er 3 deilda leikskóli (Hulduheimar, Álfheimar og Goðheimar) með pláss fyrir u.þ.b. 70 börn á aldrinum 1 ½ - 6 ára, en nú eru 44 börn í leikskólanum. Alls eru starfandi auk leikskólastjóra; sjö leikskólakennarar, fimm leiðbeinendur, tveir starfsmenn eldhúss og tveir ræstitækna. Í lok febrúar fluttum við í nýtt glæsilegt húsnæði og þar á okkur án efa eftir að líða mjög vel.

Framhaldsumsókn um Grænfána

Vorið 2005 fengum við afhentan Grænfánann í fyrsta sinn og var mikil ánægja meðal allra að hafa stigið þetta skref að vinna markvisst að umhverfismálum hér í leikskólanum. Það var svo vorið 2007 sem við fengum fánann afhentan í annað sinn og smátt og smátt höfum við eflst í starfi okkar, við ætlum okkur að halda umhverfisstarfinu áfram og væntum þess nú að geta flaggað Grænfánanum áfram næstu tvö árin.

Umhverfisnefndin

Þórunn Harðardóttir leikskólakennari hefur tekið við verkefnastjórnun af Sólrúnu Höllu Bjarnadóttur. Okkur þótti mikilvægt að í umhverfisnefndinni sitji fulltrúi af hverri deild leikskólans, auk leikskólastjóra, fulltrúa foreldra og matráðs. Umhverfisnefndina skipa því: Þórunn Harðardóttir verkefnisstjóri og leikskólakennari á Álfheimum, Valdís Magnúsdóttir leikskólastjóri, Ástríður Guðmundsdóttir deildarstjóri á Hulduheimum, Áslaug Ella Gísladóttir aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri á Goðheimum, Gro Jorunn Hansen matráður og Sigríður Jóhannesdóttir, fulltrúi foreldra. Vegna tíðra breytinga á ræstitæknum þykir ekki ástæða til að hafa fulltrúa þeirra með í nefndinni.

Ekki voru ákveðnir í upphafi skólaárs fastir fundartímar yfir veturinn en þó höfum við fundað nokkrum sinnum í vetur. Hér má sjá dæmi um fundargerð:

Grænfánafundur 22. okt. 2008

Mætt voru: Valdís, Anna Sigga (fulltrúi Hulduheima), Áslaug, Sigríður (fulltrúi foreldra), Ágústa (nemi) og Þórunn.

Við fórum aðeins yfir stöðuna – hvernig erum við að standa okkur?

Ef gátlistinn frá Landvernd er skoðaður þá sjáum við að mjög margt erum við að gera vel en sumt megum við bæta og gera enn betur. Eftirfarandi ætlum við að vinna betur að:

- Kertagerð – við eigum töluvert af kertaafgöngum og megum gjarnan nýta þá betur.

Komið hefur í ljós að betra er að útbúa kerti í krukku eða önnur ílát heldur en að steypa þau í mót því þá geta börnin tekið meiri þátt í kertagerðinni.

- Pappírsgerð – Enn vantar okkur nýjan sprota til að tæta pappírsmassann og vonumst við eftir að úr því verði bætt fljótlega.
- Matarafgangar – Fara á hverjum vetri í heimsókn og skoða moltugerðarvélina svo börnin séu betur meðvituð hvað gert er við matarleifarnar.
- Finna leiðir til að minna foreldra á að hér sé tekið við rafhlöðum, gleri, kertum og alls kyns ílátum undan matvælum og öðru. Það getur nýst í könnunarleik og skapandi starf. Þurfum kannski að vera duglegri að nýta það í skapandi starf sem okkur berst svo það safnist ekki bara fyrir í geymslum.
- Mikilvægt er að ALLIR sem tengjast leikskólanum; foreldrar, börn og starfsfólk viti um Grænfánastarfið sem hér fer fram og hvað það þýðir. Þösum upp á það.
- Vera duglegar að fræða börnin um það af hverju við séum með Grænfánann – hvað þýðir það að vera Grænfánaleikskóli. Nýta t.d. hópastarfið til þess.

Athuga þarf hvort gámar séu á Hvanneyri undir mjólkurfernur, gler og málma.

Í fyrra ætluðum við að standa fyrir hreinsunardegi hér á Hvanneyri en hættum við því nemendur LBHÍ urðu fyrri til. Við látum samt ekki deigan síga og hefur verið ákveðið að láta verða af þessu í vor. Hugmyndin er að við byrjum fyrst að hreinsa með börnunum í kringum leikskólann og svo geta foreldrar og fjölskyldur barnanna haldið áfram eftir leikskóla. Skoðum þetta nánar síðar.

Næsta vor ætlum við að sækja um Grænfánann í 3. sinn. Það þýðir að í vetur þurfum við að bæta við nýjum umhverfismarkmiðum. Ræddar voru ýmsar hugmyndir.

Undanfarin ár hefur okkur staðið til boða að hengja upp listaverk barnanna í matsalnum í Ásgarði. Hafa þá deildirnar þrjár skipst á að sýna afrakstur hvernar deildar. Viljum við endilega halda þessu áfram.

Áslaug sagði frá því að Árdís kennari í Andakílsskóla hefði fengið hugmynd um að gefa út fréttabréf sem borið yrði í hús á Hvanneyri og þar yrði kynnt starfsemi leik- og grunnskólans. Skoða á þetta betur.

Fundi slitið. Næsti fundur verður 3. desember kl. 10:30.

Mat á stöðu umhverfismála

Haustið 2004 var ákveðið að fara af stað með þá vinnu að sækja um Grænfánann. Þá kom í ljós að margt mátti betur fara í umhverfismálum hjá okkur en einnig var ýmislegt hjá okkur til sóma. Unnið var hörðum höndum að því að komast á græna grein og voru skrefin sjö höfð til hliðsjónar.

Nokkrum árum síðar er enn margt sem betur má fara hjá okkur í leikskólanum og er sjálfsagt af nógu að taka. Höfum við einsett okkur að vera meira á verði og hafa gátlista Landverndar okkur til hliðsjónar. Valdís leikskólastjóri og Þórunn verkefnastjóri hafa fyllt út listann á hverju ári og á umhverfisnefndarfundi s.l. haust var farið vandlega yfir gátlistann og skoðað vel það sem betur má fara. Elstu börn leikskólans fóru einnig yfir listann með kennara í samverustund. Ánægjulegt var að sjá hversu sammála börnin voru okkur fullorðna fólkinu og styrkti það okkur í þeirri vissu um að börnin eru vel meðvituð um starfið hér í leikskólanum hvað varðar umhverfismál. Fylgir eintak af útfylltum gátlistanum með þessari skýrslu.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Við fyrstu umsókn um Grænfánann, árið 2005 settum við okkur eftirfarandi fimm markmið:

1. Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.
2. Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.
3. Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír.
4. Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.
5. Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Vorið 2007, er við fengum Grænfánann afhentan í annað sinn var bætt við tveimur nýjum markmiðum:

1. Gera Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum.
2. Nota eingöngu umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni.

Tillögur að markmiðunum eru settar fram af umhverfisnefnd og eru síðan ræddar á starfsmannafundi af öllu starfsfólki leikskólans. Á þann hátt næst almenn sátt meðal starfsfólks sem er forsenda þess að vel gangi að framfylgja og vinna að settum markmiðum.



Ný markmið

Við höfum sett okkur fimm ný markmið til næstu tveggja ára. Þau eru:

1. Minnka notkun plastpoka á deildum leikskólans

Við leik og störf barnanna er algengt að föt þeirra verði óhrein og/eða blaut yfir daginn. Í stað þess að senda börnin heim með fötin í plastpoka eins og gert hefur verið, ætlum við að útbúa taupoka fyrir hvert barn. Viljum við fá foreldra í lið með okkur og koma með efni í pokana að heiman t.d. gömul sængurföt eða handklæði. Pokarnir geta því orðið mjög persónulegir og gaman verður að mynda enn frekari tengsl við heimilin inn í umhverfisstarf okkar.

2. Hætta kaupum á mjólk í fernum og setja upp “beljur” þess í stað .

Með þessu minnkum við sorp frá leikskólanum til muna og erum við að skoða hvort hentugra sé að beljurnar verði settar upp í eldhúsi eða inni á deildum.

3. Minnka notkun á pappírs- og bleiþurrkum eftir bestu getu með því að nota frekar handklæði og þvottapoka og þá eingöngu stykki úr umhverfisvænni bómull

Þrátt fyrir að heilbrigðiseftirlit krefjist þess að í leikskólum séu settir upp pappírþurrkustandar, þá finnst okkur hér alveg grátlegt að sóa slíku magni af pappír á hverjum degi. Við erum Grænfánaleikskóli og slíkt samræmist ekki okkar stefnu. Þess vegna einsetjum við okkur að eiga nóg af þvottapokum og handklæðum svo hægt sé með góðu móti að skipta reglulega yfir daginn.

4. Nota eingöngu umhverfisvæna plastpoka undir lífræna ruslið

Til eru plastpokar sem brotna auðveldlega niður í náttúrunni. Höfum við hug á því að nota eingöngu slíka poka undir lífræna ruslið okkar, auk þess sem það léttir starf þeirra sem tæma ruslið í jarðgerðarvélina Moldu, því þessir pokar mega fara í vélina.

5. Auka umhverfisfræðslu í leikskólanum og koma á samstarfi leikskólans Andabæjar og Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar

Við sjáum fyrir okkur að hafa nokkrar þemavikur á ári þar sem sérstök áhersla verður á umhverfisvinnu með börnunum og í samstarfi við grunnskólann

stefnum við að því að vinna að ákveðnum verkefnum í umhverfismennt. Höfum við t.d. hug á því að nýta okkur meira skjólbeltin á Hvanneyri til útivistar, en eftir að við fluttum í nýja húsnæðið er örstutt fyrir okkur að ganga þangað. Ætlunin er einnig að endurútgefa fréttabréf í samstarfi við grunnskólann, þar sem Grænfánastarf beggja skólanna er kynnt og verður fréttabréfinu dreift á heimilin hér í kring. Þetta fréttabréf var gefið út fyrir nokkrum árum og þá var einnig Landbúnaðarháskóli Íslands með í því þar sem þeir höfðu hug á því að sækja um Grænfánann. Ekkert varð þó af því og er nú þörf á að gefa þetta fréttabréf út að nýju.

Við höfum einni lengi haft hug á því að koma okkur upp matjurtagarði og þrátt fyrir að við höfum ekki haft neinn garð þá höfum við í samvinnu við foreldra leikskólabarnanna fengið aðstöðu til að setja niður kartöflur. Ætlum við að halda slíku samstarfi áfram þar til við höfum eignast okkar eigin garð – vonandi á lóðinni við leikskólann okkar. Á sama hátt stefnum við á samstarf við foreldra hvað varðar rabarbara- og berjauppskeru og sjáum við fyrir okkur að geta haft uppskeruþema strax næsta haust og prófa okkur áfram með nýtingu uppskerunnar.

Eftirlit og endurmat

Eins og áður hefur komið fram er farið reglulega yfir gátlista Landverndar til að skoða stöðu umhverfismála við leikskólann, bæði á starfsmannafundum og á fundum umhverfisnefndar. Allir starfsmenn leikskólans eru upplýstir um umhverfisstefnu Andabæjar og vel þegnar eru allar tillögur þar að lútandi enda er mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um stefnuna og virkir þátttakendur. Lögð er áhersla á að reyna að virkja hugmyndaflug starfsmanna t.d. við nýtingu á umbúðum, ílátum og pappa sem til fellur því við viljum minnka sorp frá leikskólanum eins og mögulegt er. Í raun og veru erum við stöðugt á varðbergi hvar við getum gert betur hvort sem það á við dagleg störf eða innkaup og rekstur. Frá því við fengum Grænfánann fyrst hefur þetta áunnist hjá okkur:

Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.

Lífrænn úrgangur er flokkaður á hverjum degi í leikskólanum og höfum við fengið þar til gerðar körfur á hverja deild til að flokka í. Eftir máltíðir aðstoða börnin við að flokka matarleifar í körfurnar, allt eftir aldri og þroska hvers og

eins. Hér á Hvanneyri erum við svo heppin að aðra hverja viku er lífrænt rusl sem til fellur af heimilum og stofnunum sótt af starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands og því komið í jarðgerðarvélina Moldu sem staðsett er hér í þorpinu. Börnin í Andabæ hafa heimsótt Moldu og fengið að sjá hvernig hún vinnur mold úr matarleifum.

Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.

Í leikskólanum er ílát sem ætlað er fyrir ónýtar rafhlöður. Börn og foreldrar eru hvött til að koma með ónýtar rafhlöður í leikskólann í stað þess að henda þeim í almennt heimilissorp. Leikskólinn sér um að koma þeim á förgunarstöð.

Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír.

Reynt er að nýta allan pappír eins og mögulegt er. Við klippum niður pappambúðir svo nýta megi þær í skapandi starf. Keyptur hefur verið pappírstættari og þar tættum við niður pappír sem nýtist ekki í annað; seinna er svo hægt að nota það sem tætt er niður í pappírsgerð eða pappamassa. Eftir megni er reynt að nýta fínan pappír til fulls t.d. að nota báðar hliðar og eru börnin hvött til að teikna á bakhlið teikninga sem enginn vill eiga. Afklippur eru nýttar í minnismiða og skapandi starf. Reynum við eftir megni að fá sem mest af pappírnum sem við notum gefins frá hinum og þessum.

Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.

Í Andabæ vinnum við með “Könnunarleik” en það eru stundir þar sem börnin leika eingöngu með “verðlaust efni” hvers konar; tóm matarílát af öllum gerðum, keðjur, lykla, köngla, tappa, box, kassa, sælgætisbréf, bein og annað þess háttar. Börn og foreldrar hafa verið dugleg við að safna slíku heima og færa okkur í leikskólann og höfum við alltaf úr nógu að móða því endalaust fellur til af því. Það getur stundum verið áskorun að finna leiðir til að nýta umbúðir og ef þær henta ekki í könnunarleikinn þá reynum við að nýta þær í skapandi starfi með börnunum. Við viljum engu henda!

Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Í leikskólanum er kassi sem ætlaður er undir kertaafgöngu hvers konar. Þar geta börn, foreldrar og starfsfólk látið kertaafgangana er falla til heima fyrir og svo

búum við til ný kerti úr afgöngunum með því að bræða kertaafgangana í potti og steypa upp á nýtt í krukkur eða önnur hentug ílát. Við nýtum að sjálfsögðu kveikiþræðina úr kertaafgöngunum í nýju kertin.

Gera Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum:

Við viljum að þeir sem komi inn í leikskólann sjái strax að þetta er Grænfánaleikskóli. Það skiptir okkur miklu máli að vera “græn í verki” en ekki bara “græn í orði” og því er mikilvægt að umhverfið endurspegli starfið. Deildir leikskólans hafa unnið saman að því að útbúa “vegg” í aðalrými sem endurspeglar umhverfisstefnu leikskólans og það umhverfisstarf sem börnin eru þátttakendur í. Með þessu móti fá foreldrar og aðrir gestir leikskólans innsýn í það sem við erum að fást við í leikskólanum. Sjáum við fyrir okkur að þessi veggur verði í stöðugri og reglulegri endurnýjun, allt eftir þema og áherslum hvers árs.

Nota eingöngu umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni

Í Andabæ hefur verið sú stefna að reynt sé að nota allar sápur í lágmarki. Ef mögulegt er skal eingöngu notast við vatn og með því að nota örtrefjaklúta í eldhúsi og inni á deildum hefur það gefist mjög vel að halda sápunotkun í lágmarki. Við kaupum inn ræstivörur sem merkt eru með viðurkenndum umhverfismerkjum, má þar nefna vörur frá Besta og notum umhverfisvænt þvottaefni í þvottavélina. Þetta er þó langt frá því að vera einfalt því t.d. höfum við ekki enn fengið umhverfisvænt efni sem hentar uppþvottavélinni okkar og á salernum eru sápuskammtarar með sápufroðu sem í dag er ekki umhverfisvæn en eftir því sem okkur skilst er verið að vinna að því og muni það verða síðar. Þessi mál þarfnast því stöðugrar ígrundunar og munum við kappkosta að gera okkar besta til að forðast mengun náttúrunnar á þennan hátt.



Okkur þykir hafa gengið vel að vinna að Grænfánamarkmiðunum okkar og ætlum við að halda áfram að vinna samkvæmt þeim. Börn og foreldrar hafa tekið þátt í þessu með okkur og er það von okkar að eitthvað af þessari umhverfismennt skili sér inn á heimili barnanna.

Við bílastæði leikskólans höfum við fest upp skilti sem minnir fólk á að drepa á bílum sínum við leikskólann og er það þörf áminning fyrir alla, sérstaklega á köldum vetrardögum.

Fræðsla

Nemendur eru á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og hefur umhverfismenntin verið aðlöguð aldri þeirra og þroska. Leikskólabörnin taka þátt í þeim verkum sem þarf að vinna að hverju sinni og læra þannig að tileinka sér tillitssemi og skilning á því hversu mikilvæg náttúran er okkur öllum, bæði í nútíð og framtíð. Börnin eru frædd um umhverfismál í samverustundum, hópastarfi og útiveru. Þar hvetjum við börnin til þess að taka eftir umhverfi sínu og hugsa vel um það. Í hópastarfi fer t.d. hver hópur að hausti og velur sér “sinn stað” í nágrenninu. Þangað er farið reglulega, fylgst með árstíðabreytingum og þess er gætt að allt rusl sé fjarlægð.

Á Hvanneyri erum við í nánnum tengslum við náttúruna, það er stutt út í móa og út í fjós og einnig er það fastur liður á hverju hausti að fara í réttir með börnin. Hvanneyri er líka staður þar sem mikil uppbygging hefur verið á síðustu árum og fróðlegt er að fylgjast með húsbyggingum og öðrum framkvæmdum með tilheyrandi vinnuvélum. Hér eru drullupollar, hrossa- og gæsaskítur í grasinu, hættulegir skurðir, malarvegir og annað í umhverfinu sem merkilegt er að skoða og uppgötva, enda er útivera stór hluti af starfinu okkar í Andabæ og gönguferðir skipa þar stóran sess.

Hvanneyri er þannig staðsett að í svartasta skammdeginu sést ekki til sólar í u.þ.b. einn mánuð og því getur veturinn verið dimmur ef lítið er um snjó. Það er okkur því alltaf kærkomið þegar sólin brýst á ný upp fyrir Skarðsheiðina og daginn fer aftur að lengja. Við höfum gert dálítið meira úr þessu með myrkrið með því að hafa reglulega rafmagnslausan dag í leikskólanum. Þá mega börnin koma með vasaljós í leikskólann og við notum ekki nein rafmagnstæki þann daginn – lýsum upp með kertaljósum og borðum skyr í hádeginu.

Ekki höfum við útbúið ákveðið kennslufni um umhverfismál en höfum gert okkur far um að flétta fræðsluna inn í námsþætti leikskólastarfsins eftir bestu getu.

Kynning á stefnunni

Stefnan hefur verið kynnt á foreldrafundum sem haldnir eru á hverju hausti og í fréttabréfum og á heimasíðu Andabæjar. Einnig var gefinn út sameiginlegur kynningarbæklingur frá leikskólanum Andabæ, Andakílsskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands undir heitinu “Skólar á grænni grein” sem kom út vorið 2005 og þar eru skólarnir þrír kynntir hver fyrir sig. Eins og áður hefur verið fjallað um er það í nýjum markmiðum að gefa þennan bækling út aftur og þá endurbættan.

Vesturlandsblaðið Skessuhorn hefur einnig birt myndir og texta frá leikskólastarfinu í Andabæ og reynum við að senda innlegg þangað reglulega.

Undanfarin ár hefur elsu börnum leikskólans verið boðið í heimsókn í Landbúnaðarháskólann til kynningar á því sem þar fer fram og hefur verið mikil ánægja með það hjá báðum aðilum. Hefur okkur í framhaldi af því verið boðinn “veggur” í Landbúnaðarháskólanum til að hengja upp listaverk eftir börnin í Andabæ og skiptast deildirnar þrjár á að sýna afrakstur leikskólastarfsins þar. Um þessar mundir er einmitt verið að undirrita samstarfssamning milli beggja skólanna vegna þessa og kannski á þetta samstarf eftir að þróast enn frekar – hver veit?



Umhverfissáttmálinn

Við höfum sett okkur ákveðnar starfsreglur sem við vinnum eftir. Umhverfisnefndin vann að mestu þessar reglur en þá aðallega út frá þeim markmiðum sem starfsmennirnir höfðu sett sér. Börnin tóku þátt í samverustundinni þar sem starfsmaður fór yfir markmiðin og spurði börnin hvernig væri hægt að vinna eftir þessum markmiðum og hvað þau myndu vilja gera til þess að vinna eftir þeim.

Síðan fengu starfsmenn leikskólans að skoða starfsreglurnar til þess að sjá hvort að það væri hægt að bæta einhverju við eða taka út. Að lokum urðu allir sáttir og þá varð umhverfisstefna leikskólans Andabæjar að veruleika.

